

# Eystrahorn

43. töl. 39. árgangur

Fimmtudagurinn 9. desember 2021

www.eystrahorn.is

## Aðventutónleikar

### Aðventutónleikar Karlakórsins Jökuls í streymi

Karlakórinn Jökull ætlar að halda aðventutónleika næstkomandi mánudag, 13. desember kl. 20. Tónleikarnir verða sendir út í gegnum streymi á netinu. Sökum samkomutakmarkanna vegna Covid, þá þykir okkur ekki fýsilegt að tefla í tvísýnu og ætlum að reyna þessa leið og leyfa vinum og velunnurum kórsins að njóta. Tónleikarnir verða sendir út í beinu streymi á Youtube rás Hafnarkirkju.

### Aðventutónleikar - Samfélagstónleikar á netinu

Söngfólk á Hornafirði er einhuga um að sú áralanga hefð, að syngja saman á aðventunni má ekki falla niður annað árið í röð. Samfélagstónleikar, sem voru settir á dagskrá í kirkjunni sunnudaginn 19. desember verða núna með breyttu sniði. Alls munu sjö sönghópar taka þátt í samverustund, sem tekin verður upp í kirkjunni, klippt saman og send út sem sjónvarpstónleikar í lok aðventunnar og yfir hátíðarnar.

Þannig viljum við bjóða Hornfirðingum öllum og velunnurum til tónleika og vonumst til að geta veitt góðu málefni styrk.

*Þau sem vilja styrkja gott málefni geta borgað upphæð að eigin vali á reikning 0169-26-1510 kt:610280-0139*



Frá jólatónleikum karlakórsins 2016. Mynd: Þorvarður Árnason

Við vonum innilega að kærleikur og friður veri með ykkur öllum og vonum að jólatónar kóranna skili sér inn í stofu hjá ykkur og veiti gleði og yl.

## Opið bréf til heilbrigðisráðherra og ríkisstjórnar Íslands

Við íbúar á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði á Höfn í Hornafirði skorum á nýjan heilbrigðisráðherra og nýja ríkisstjórn að ganga til samninga um byggingu nýs hjúkrunarheimilis á Höfn án tafar.

Nú þegar hefur dregist úr hófi að hefja viðbyggingu við hjúkrunarheimilið Skjólgarð á Höfn. Upphaflega átti framkvæmdum að ljúka á þessu ári og í nýjustu áætlun áttu þær að hefjast á síðasta ári og ljúka 2023. Ráðuneytið óskaði eftir samkeppni frá arkitektum um útfærslu á teikningum en þegar þær hugmyndir voru svo boðnar út á þessu ári þá þóttu tilboðin of dýr og málið liggur nú hjá framkvæmdasýslu ríkisins. Ekkert bólar á framkvæmdum.

*Við vitum ekki hvort þið áttið ykkur á því við hvaða aðstæður við búum og hversu íþyngjandi þetta er fyrir okkur?*

Hér búum við öll nema tveir einstaklingar í tvíbýli með

sameiginlegu baðherbergi með öðrum heimilismönnum. Herbergisfélagar okkar eru í fæstum tilfellum makar okkar eða nánir vinir frá fornu fari. Þessir tveir einstaklingar sem hafa sérþýli deila salerni án sturtu. Hér er rými til einkalífs það sama og ekkert. Ef þarf að veita okkur persónulega þjónustu varðandi hreinlæti, lyfjagjafir, sáraumbúnað eða meðferðasamtöl er aðeins tjald á milli okkar og nágrenns í næsta rúmi. Einstaklingar með einkenni heilabilunar hafa ekkert rými til að vera illa áttaðir í friði án þess að trufla aðra. Einstaklingar með hegðunarvanda hafa heldur ekkert rými til að forðast áreitni og fá útrás og geta því verið ógnandi og valdið öðrum kvíða og vanlíðan. Í herberginu okkar er sjúkrarúm, náttborð, lítill fataskapur og sameiginlegur vaskur. Við getum komið með stól og e.t.v. eina litla kómmóðu til að geyma okkur persónulegu muni eða til að reyna að hafa heimilislegt. Þessi skortur á



rými veldur mörgum okkar kvíða og vanlíðan. Það er ekkert rými til að taka á móti gestum nema helst á rúmstokk. Það er ekki hægt að eiga trúnaðarsamtöl við starfsfólk því það er hvergi næði til þess. Þegar við liggjum svo banaleguna er herbergisfélagi okkar færður inn á baðherbergi svo við getum átt næði síðustu ævistundirnar með okkar ástvinum. Ef svo óheppilega vill til að herbergisfélagi okkar getur

ekki farið inn á það þá erum við færð þangað þar sem ástvinir okkar geta setið á klósettinu og kvatt okkur.

Við eigum betra skilið og við eigum betra skilið núna.

*Virðingarfyllt,  
íbúar á hjúkrunarheimilinu  
Skjólgarði, Víkurbraut 27, Höfn í  
Hornafirði.*

## Jólalablað Eystrahorns

kemur út fimmtudaginn 16. desember





## BRUNNHÓLSKIRKJA

Sunnudaginn 12. desember  
Aðventustund kl. 17:00.  
Sungnir verða jólasálmur og  
flutt verður hugvekja tengd  
jólum og aðventu.  
Virðum sóttvarnarreglugerðir.

Allir velkomnir.

## Hársnyrtistofan FLIKK

Austurbraut 15 • Sími 478-2110

OPIÐ á laugardaginn 11. desember kl. 13:00-16:00 og

laugardaginn 18. desember kl. 13:00-17:00

Þorláksmessu kl. 11:00-20:00.

Fallegar gjafavörur, gjafabréf og eitt mesta úrval af skartgripum á Höfn.

Hársnyrtistofan Flikk er á Instagram og facebook.

Verið velkomin.

Birna Sóley hársnyrtistofu



## Samfélagssjóður Hornafjarðar

Auglýsir umsóknarfrest vegna jólaaðstoðar.

Umsóknarfrestur til sjóðsins er til 15. desember nk.

Hægt er að fá umsóknareyðublað á bæjarskrifstofunni  
og þangað er útfylltum umsóknum skilað.

Stjórn Samfélagssjóðs Hornafjarðar

## The social fund of Hornafjörður publicizes the closing day for applications to the fund

The application deadline is on the 15th of December.

The application form is available at the town hall and completed  
forms are to be returned at the same place.

Please point the fund out to friends and acquaintances who might  
need assistance.

The executive committee of the social fund of Hornafjörður.

## Sláturfélagið Búi svf.

Skilanevnd félagsins boðar til slitafunda sem haldnir verða  
fimmtudaginn 16. desember n.k. í Mánagarði, Nesjum og  
hefst kl. 20.00

Fundarefnið er eftirfarandi:

Á fyrri fundi:

1. Kynntar kröfur lánardrottna á hendur félaginu og afstaða Skilanevndar til þeirra

Á síðari fundi (sem haldinn verður strax að fyrri fundi loknum):

1. Umfjöllun um lokareikninga félagsins.
2. Umfjöllun um frumvarp til úthlutunargerðar.
3. Önnur mál.

Hér með eru þeir sem telja sig hafa hagsmuna að gæta  
boðaðir til fundarins.

Skilanevnd Sláturfélagsins Búa svf.



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi: HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur: Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson

Prentun: Litlprent

ISSN 1670-4126

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA


SAMVERA í Ekrum föstudaginn 17.  
desember kl. 17:00.

Eiður Ævarsson flytur fyrirlestur um jólasveina  
og jólavættir. Fróðlegt og skemmtilegt efni.  
Fyrirlesturinn er í boði boði Menningarmiðstöðvar  
Hornafjarðar. Þetta er síðasta samvera ársins.  
Endum nú árið með góðri mætingu!

Ath: Leikfimi, sundleikfimi og zumba eru komin í jólafrí.



## Jólablað Eystrahorns kemur út 16. desember



Sendum vinum og vandamönnum  
innilegar jólakveðjur  
með þökk fyrir liðin ár.

Jón og Gunna

Verð á jólakveðju  
4990.-

## Jólakveðjur

Skilafrestur á efni í jólablaðið er 14. desember kl. 14:00

eystrahorn@eystrahorn.is



HAFNARKIRKJA

## JÓLABALL

Sunnudaginn 12. desember kl. 11:00  
verður jólaball í Hafnarkirkju.

Sungið og dansað í kringum jólatré.

Kátir sveinar mæta á staðinn

HAFNARKIRKJA

## Óskað er eftir tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2021

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga óska eftir  
tilnefningum til Menntaverðlauna Suðurlands 2021. Frestur til tilnefninga er til mið-  
nættis fimmtudaginn 6. janúar 2022 og þær  
skal senda á netfangið: [menntaverdlaun@  
sudurland.is](mailto:menntaverdlaun@sudurland.is). Veitt verður viðurkenning og  
peningaverðlaun. Nánari upplýsingar má  
nálgast á heimasíðu SASS: [sass.is](http://sass.is).



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



# Sumarhús þurfa ekki lengur byggingarleyfi

Ágætu íbúar,

Nýlega tók gildi breyting á byggingarreglugerð sem felur í sér nýja flokkun mannvirkja eftir umfangi þeirra m.t.t. stærðar, notkunar, hættu á manntjóni og umhverfisáhrifa. Breytingin er í takt við áform um einföldun stjórn-sýslu byggingamála sem fram koma í nýjum stjórnarsáttmála. Þar sem byggingafrankvæmdir eru kostnaðar- og tímasamar er gott að allir kynni sér þessar breytingar. Mannvirki eru nú flokkuð í þrjá umfangsflokka:

Í umfangsflokki 1 er minni mannvirkjagerð, t.d. fristundahús, geymsluhús, landbúnaðarbyggingar, gestahús, stakstaðir bílskúrar, viðbyggingar og niðurrif mannvirkja. Ekki er þörf á að sækja um byggingaleyfi fyrir þessar framkvæmdir, en sækja skal um byggingarheimild (*byggingarheimild er nýtt hugtak*). Umsókn um byggingarheimild skulu fylgja aðaluppdrættir, byggingarlýsing, skráningartafla (ef við á), gögn sem sýna eignarheimild og samþykki meðeigenda og önnur gögn sem byggingafultrúi telur nauðsynleg t.d. umsögn Minjastofnunar þegar við á.

Skilyrði fyrir veitingu byggingarheimildar eru eftirfarandi: samræmi framkvæmdar við skipulag, yfirferð og staðfesting aðaluppdráttar, skil á skráningartöflu (ef við á), staðfesting byggingastjóra, greiðsla viðeigandi gjalda, og að byggingastjóri og hönnuður séu með samþykkt gæðastjórnunarkerfi. Ekki er þörf á

staðfestingu iðnmeistarar vegna byggingarheimildar. Ekki er gert ráð fyrir yfirferð séruppdráttar, en skila skal þeim til byggingafultrúa áður en lokaúttekt fer fram. Byggingastjóri annast innra eftirlit með verkinu og sér um framkvæmd áfangauúttekta.

Í umfangsflokki 2 eru m.a. íbúðarhús, gistiheimili, atvinnuhúsnæði og iðnaðarhúsnæði. Sækja skal um byggingarleyfi fyrir þessum framkvæmdum. Skilyrði fyrir útgáfu þess eru nánast óbreytt frá því sem var. Séruppdrættir og greinargerðir hönnuða skal skila til yfirferðar og staðfestingar hjá byggingafultrúa áður en vinna við viðkomandi verkþátt hefst. Byggingastjóri annast áfangauúttektir, en byggingafultrúi sér um öryggisúttekt, lokaúttekt, og stöðuskoðanir þar sem skoðað er m.a. hvort byggingastjórar framkvæma reglulega áfangauúttektir.

Í umfangsflokki 3 eru mannvirki þar sem mikill fjöldi fólks getur safnast saman, s.s. verslunarmiðstöðvar, skólar, íþróttahús, virkjanir og hjúkrunarheimili. Þessi mannvirki eru byggingarleyfis skyld eins og þau í flokki 2, en gert er ráð fyrir því að byggingafultrúi framkvæmi stöðuskoðanir oft.

Það hafa einnig breyst ákvæði um tilkynningarskyldar framkvæmdir. Til tilkynningarskyldra framkvæmda teljast nú einungis: nýklæðning þegar byggðra mannvirkja, tjaldhýsi sem nota skal í atvinnustarfsemi, stöðuhýsi sem standa eiga lengur en 4 mánuði, heitir og kaldir pottar, litilsháttar breytingar á brunahólfum



eða burðarvirki (*allt að 5% en aldrei meira en 5m<sup>2</sup>*) og breytingar á lögnum. Framkvæmdir þessar skulu vera í samræmi við skipulag. Með tilkynningum skulu fylgja aðaluppdrættir og greinargerð lög-gilds hönnuðar. Sé tilkynnt um breytingar á þegar byggðu mannvirki, þar sem aðaluppdrættir eru til staðar, þarf ekki að skila aðaluppdráttum í heild heldur aðeins þeim hluta aðaluppdráttar sem sýna breytingarnar. Ekki er heimilt að hefja mannvirkjagerð án staðfestingar byggingafultrúa. Hafi byggingafultrúi þó ekki gert athugasemdir við tilkynnta framkvæmd innan þriggja vikna frá móttöku tilkynningar telst hún staðfest og er þá heimilt að hefja framkvæmdir. Vakin er þó athygli á að eigandinn ber ábyrgð á að framkvæmdir séu í samræmi við skipulag, lög og reglugerðir.

Breytt eru einnig ákvæði um þær framkvæmdir sem eru hvorki byggingar- né tilkynningarskyldar og falla ekki undir byggingarheimild. Þessar framkvæmdir eru nú: viðhald utan- og innanhúss, þ.m.t. endurnýjun léttra veggja, uppsetning móttökudiska allt að 1,2m, allt viðhald lóða,

girðinga, bilastæða og innkeyrslna, gerð palla og annar frágangur á eða við yfirborð, skjólveggir og girðingar að uppfylltum skilyrðum, og smáhýsi allt að 15m<sup>2</sup> og ekki hærra en 2,5m einnig að uppfylltum skilyrðum.

Önnur breyting er að það er nú val hönnuða á hvaða formi teikningum er skilað til byggingafultrúa. Hægt er t.d. að skila teikningum á rafrænu formi með rafræni undirskrift. Gildandi byggingarreglugerð með breytingum er hægt að skoða á vefsíðu [byggingarreglugerð.is](http://byggingarreglugerð.is). Verið er að vinna í uppfærslu á stafrænu umsóknarkerfi sveitarfélagsins Íbúagátt til samræmis við þessar breytingar.

Vakin er athygli á nýrri vefsíðu [mannvirkjaskra.is](http://mannvirkjaskra.is). Á síðunni er hægt að skoða upplýsingar um mannvirki á Íslandi. HMS gerir ráð fyrir því að í framtíðarútgáfum verður hægt að nálgast þar upplýsingar um breytingar og viðhald sem gerðar hafa verið á húsum.

*Byggingafultrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar*

*Jól fyrir sunnan?*

Jólapakkar fyrir þá sem ætla suður fyrir og yfir hátíðirnar

Frábær gisting í næsta nágrenni við fjölda verslana í Smáralind.

Verð frá 15 þúsundum nóttin.

Ný herbergi, gott aðgengi og næg bilastæði.

Litlar íbúðir fyrir fjölskyldufólk

Upplýsingar á [201hotel.is](http://201hotel.is) og síma 556-1100

Bókið með því fara heimasíðuna okkar og notið orðið "jolakjafir" í Promocode.

**201**  
HOTEL

**Hin árlega jólatréssala**  
**Kiwanis hófst laugardaginn**  
**27. nóvember 2021**


Opið verður allar helgar fram að jólum og hvetjum við fólk til sjávar og sveita til að næla sér í lifandi jólatré fyrir komandi hátíð.

**Opnunartími verður sem hér segir:**

Helgina 11. - 12. desember frá 13:00 til 16:00.  
Helgina 18 - 19. desember frá 13:00 til 16:00.

Einnig verður opið 20. - 23. desember frá 17:00 til 19:00. Seljum líka jólalakkris, súkkulaði, friðarkerti kirkjunnar, Kiwanisgrímur og fleira til styrktar góðum málum.

Með jólakveðjum og fyrirfram þökk. Þess óska félagar í Kiwanisklúbbum Ós



## Er ekki bara gott að versla í heimabyggð?

Rúm og gaflar í mörgum stærðum og gerðum  
Þið fáið nýtsamlegar og fallegar gjafir hjá okkur  
**Jólastemning alla helgina opið**  
**laugardag og sunnudag frá kl. 13:00-16:00.**

Verið velkomin

## Húsgagnaval

Húsgagn og gjafavörur

S: 478-2535 / 898-3664  
Opið virka daga kl.13-18 og  
laugardaga kl.13-16

# Fljúgum inn jólin með framlengingu vetrartilboða

Lækkað verð nettilboða  
og barnafargjalda

GILDIR TIL 10. JANÚAR

Jólapakkasendingar  
með 30% afslætti

GILDIR TIL 24. DESEMBER

## Höfn í Hornafirði - Reykjavík

	Mán	Pri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun	Brottför	Lending
Frá Reykjavík	●		●		●			08:55	09:50
				●				13:20	14:15
							●	14:00	14:55
					●			16:35	17:30
	●		●					17:30	18:25
Frá Höfn í Hornafirði	●		●		●			10:10	11:10
				●				14:40	15:40
							●	15:15	16:15
					●			17:55	18:55
	●		●					18:45	19:45

